

# ÍSLE2RB05

*Búið til: Mon, 12 Mar 2012 10:11:35 GMT*

## Titill

Bókmenntir, málnotkun og ritun

## Skammstöfun

ÍSLE2RB05

## Útgáfunúmer

1

## Námsgrein

Íslenska

## Viðfangsefni

bókmenntir, ritun

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

2

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

### Lýsing

Í þessum áfanga er fjallað um bókmenntir, málsögu og goðafræði. Málsaga: Fjallað er um helstu þætti málsögu og nafnasiði. Bókmenntir og læsi: Nemendur eru þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka og einnig er ítarleg umfjöllun um goðafræði. Nemendur lesa eina nútímaskáldsögu og vinna verkefni í tengslum við hana og lesa eina valbók.

### Forkröfur

Grunnskólapróf eða áfangi á 1. þrepi

### Þekkingarviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum í ritgerðasmíð
- helstu þáttum íslenskrar málsögu og íslenskum nafnasiðum
- mismunandi tegundum bókmennta og norrænni goðafræði.

### Leikniviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntaverk frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra
- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun.

### Hæfniviðmið

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun ...sem er metið með... ritunarverkefnum
- beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti ...sem er metið með... munnlegum kynningum og ritunarverkefnum
- taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu ...sem er metið með... bókmenntaumræðu í tímum og á vef, ásamt ritunarverkefnum
- túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu ...sem er metið með... skriflegum verkefnum
- tengja íslenskuna við fortíð og framtíð

## Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Verkefni nemenda, jafnt munnleg sem skrifleg, eru metin til einkunnar ásamt prófum sem lögð eru fyrir reglulega.

**Skólar**

**Fyrirmynd**